

Hveragerðisbær
Breiðumörk 20
810 Hveragerði

Reykjavík 27. nóvember 2018
UST201811-006/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Hlíðarhagi í Hveragerðisbæ

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar sem barst 1. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Hlíðarhaga í Hveragerði.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagssvæðið er u.p.b 2,5 hektarar að stærð og afmarkast af íbúðarbyggð í Laufskóginum til suðurs af Breiðamörk til austurs, opnu svæði í hlíðum Hamarsins til norðurs og af Hamrinum til vesturs. Svæðið nær til íbúðarsvæðisins ÍB5 og athafnasvæðisins AT4 sbr. Aðalskipulag Hveragerðisbæjar 2017- 2029.


Í greinargerð kemur fram að svæðið liggar á milli tveggja hverfisverndaðra svæða, annars vegar Hamarsins (HV2) og hins vegar Varmár (HV1). Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem fjallað er um Hamarinn þar sem segir m.a.: „*Huga þarf að því að tré sem er í hlíðum Hamarsins hylji ekki klettabrúnir hans er tímar líða*“ Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að trjáplöntur á skipulagssvæðinu muni ekki hafa áhrif á landslagsheild Hamarsins. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að Varmá er á náttúrumínjaskrá og er nr. 751.

Umhverfisstofnun tekur undir þær hugmyndir, að fella byggingar að landslaginu eins og hægt er, svo að ásýnd svæðisins haldist þar sem að svæðið, eins og kemur fram í greinargerð, liggar á milli tveggja hverfisverndarsvæða.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefansson
Sérfræðingur